

20. nóvember 2020

Kæru forráðamenn nemenda í 5.- 7. bekk Glerárskóla

Hér koma upplýsingar um breytingar sem eiga sér stað í skólanum frá 23. nóvember til og með 1. desember 2020.

5.- 7. bekkur:

Allir nemendur mæta í skólann kl. 8:15 og eru til kl. 12:35. Allir árgangar ganga nú inn um aðalinngang og eru í D-álmú skólans í sínum hefðbundnu stofum.

Ekki er boðið upp á hádegismat í mötuneyti og nemendur þurfa því að hafa með sér hollt og gott nesti.

Íþróttir og sund fara af stað af fullum krafti og allir nemendur fá a.m.k. annað hvort íþróttir eða sund, flestir bæði.

List- og verkgreinar verða einnig á stundaskrá nemenda en **í þeim tímum og á leið í og úr þeim tímum, verða nemendur að vera með andlitsgrímur** og muna að þvo/spritta hendur fyrir og eftir tíma. Þetta er vegna þess að nemendur fara á milli sóttvarnarhólfa í þessum kennslugreinum.

Minnum nemendur í 7. bekk á að skila tölvum sem þeir fengu lánaðar.

Ef eitthvað er óljóst má hafa samband við umsjónarkennara.

Kær kveðja, stjórnendur Glerárskóla